



## Bréf til borgarstjórans í Reykjavík 30. september 1938

---

Bjarni Benediktsson – Bréf til borgarstjórans í Reykjavík 30. september 1938

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnámálamaðurinn  
Askja 2-7, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þau Gunnur störf, sem borgarritara eru stluð skv. Viðaukum  
12. mars 1934, en hjer vöru talin, hefi jeg leitast við að finna af höndum  
eftir getu og er jeg þess fullviss t.d. að jeg hafi verið störfuð  
ekki síður en hjer gerist og gengur um þá embættislausn sem helst má telja  
samþarflaga. Í því sambandi má geta þess, að árið 1937 tók jeg 6 daga  
samarfrí og nú í ár 11 daga, en árin 1934 - 35 skamt samarfrí annað en  
það, sem flaut af utanför í erindum Sögavirkislaus 1934, en ferðabrotið  
var hjer vegna greiddur af þessum

Jeg tel rjett að gefa yður, herra borgarstjóri, nokkra skýrslu  
um störf mín sem borgarritara frá því að stofnað var til embættisins frá  
1. júlí 1934 skv. Viðauka 12. mars 1934 við samþ. um stjórn bæjarmálefna  
Reykjavíkur 23. júlí 1932.

Mínn 1. júlí síðastl., er 4 ár voru liðin frá því að jeg tók við  
þessu embætti, telst mjer svo tál, við lauslega athugun, að jeg hafi innt  
af höndum eftirfarandi störf í þágu bæjarsjóðs sem annars hefði orðið að  
greiða fyrir sejrstaklega flest öll, eða a.m.k. var áður greitt sjerstak-  
lega fyrir tilsvarendi störf:

1. Málflutningur fyrir fúgetarjetti skv. texta M.F.Í.  
miðað við malsupphæðir kr. 4915.-
  2. Málflutningur fyrir öðrum rjettum, reiknað á sama hátt  
(Stærsta málfl. laun kr. 5625.- að vísu ekki lokið  
enn) " 10740.-
  3. Málflutningur fyrir matsmönnum um endurkaupsverð erfða-  
fíestulanda. Í fyrsta máli miðað við kröfur en síðar við  
matsverð " 3140.-
  4. Gerðir sjerstakir fasteignasamningar og afsöl (Landakots-  
lóðir, Hitarjettindi, Nauthólsvík, Vatnsmyrarbl.) " 1105.-
  5. Gegnt störfum borgarstjóra í fjarveru hans í samtals  
287 daga, þar af 125 daga á meðan laun borgarstjóra  
voru kr. 11800.- en 162 daga síðan " 11000.-
- kr. 30900.-

Jeg hefi gert sundurliðaða skrá yfir málflutningslaunin, en þó  
má vel vera að jeg hafi gleymt málum, þar sem jeg hefi ekki hirt um, að  
skrá þau jafnóðum.

Er vafalaust að mestan hluta þessarar fúlgu hefði orðið að  
greiða úr bæjarsjóði ef borgarritaraembættið hefði ekki verið stofnað.  
Þó að jeg hafi fyrst talið framangreind störf vegna þess að þau  
verða " metin til fjár" ef svo mætti að orði komast, en reyndar án til-  
lits til þess, hværnig þau eru af hendi leyst, þá tel jeg samt að hjer sje  
um alger aukastörf að ræða, þegar frá er tekið borgarstjórarstarfið, og  
svo að segja eingöngu unnin utan venjulegs og hæfilegs skrifstofutíma.



Þau önnur störf, sem borgarritara eru ætluð skv. Viðaukanum 12. marz 1934, en hjer vöru talin, hefi jeg leitast við að inna af höndum eftir getu og er jeg þess fullviss t.d. að jeg hefi rækt skrifstofuna ekki síður en hjer gerist og gengur um þá embættismenn sem helst má telja samþerilega. Í því sambandi má geta þess, að árið 1937 tók jeg 6 daga sumarfrí og nú í ár 11 daga, en árin 1934 - '36 þekkt sumarfrí annað en það, sem flaut af utanför í erindum Sogsvirkjunar 1936, en ferðakostnaður var mjer reyndar greiddur af rausn.

Mjer er ljóst að það sem einkum brestur á að embætti borgarritara sje nú rækt svo vel sem skyldi, er að jeg þykist ekki hafa nægilegan tíma til þess að sinna umsjón með innheimtu bæjargjalda svo vel sem nauðsyn krefur. Þó hafa verið gerðar nokkrar verulegar breytingar á innheimtustarfi seminni síðan 1934 og til bóta að jeg hygg, en mjer er ljóst, að sinna þarf betur þeim málum en unnt hefir verið undanfarið.

Í sambandi við innheimtustörfin má reyndar geta þess, að um hálf annars árs bil fyrir 1. júlí 1934, er jeg kom í þjónustu bæjarins, voru greiddar kr. 500.- á mánuði fyrir umsjón með innheimtu bæjargjaldanna og forstöðu þeirra mála, en þessi störf voru með öðrum falin borgarritaranum.

Borgarstjórin,  
Reykjavík.